



Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar

Ísland er heimur ævintýra og andstæðna. Sköpunarkraftur náttúruaflanna er sýnilegur nánast við hvert fótmál. Mannlífið er mótað af ríkulegri hefð lýðræðislegrar umræðu, litríkrar sögu og fjölskrúðugar menningar.

Sumir segja að íbúafjöldinn sé annað hvort leyndarmál eða blekking.

Hvernig er mögulegt að á höfuðborgarsvæði sem opinberlega telur aðeins um 160.000 manns sé í einni viku boðið upp á 26 mismundandi leiksýningar, opnanir á 6 málverkasýningum, 8 tónleika strengjasveita eða kóra auk sinfóníutónleika og óperusýningar – og slíkur fjölbreytileiki sé ríkjandi nær allar vikur ársins?

Hvernig er mögulegt að í þjóðfélagi sem opinberlega telur um 270.000 íbúa þrífist 2 fullburða sjónvarpsstöðvar og nokkarar minni, um 10 útvarpsstöðvar, 3 alvöru dagblöð, tugir héraðsfréttablaða, fjöldi glanstímarita og hundruð nýrra bóka komi út árlega?

Íslenskt þjóðfélag er ekki síður gossvæði en landið sjálft. Sköpunarvilji náttúrunnar er rótfastur í sálarlífi mannfólksins.

Í gamla testamentinu er kennt að guð hafi skapað heiminn á sex dögum og svo tekið sér hvíld. Þessi saga er ekki alveg sönn. Ísland gleymdist nefnilega þegar kom að hvíldinni. Hér hefur sköpun jarðarinnar haldið áfram. Ný fjöll, nýir hverir, umbreyting fljóta og fallvatna, eldgos, jarðskjálftar og klofnun jökla. Máttarvöldin eru sífellt að minna á sig.

Heimsókn til Íslands sannfærir alla um að þrátt fyrir tækniundur vísindanna hefur mannkynið ekki enn herradóm jarðarinnar í hendi sér.

Heimsókn til Íslands getur líka sannfært gesti um að draumurinn um hið friðsæla og opna lýðræðislega samfélag án ofbeldis og ógna – óskaland heimspekinga og hugsuða allt frá fornum dögum Apenu og Rómar til nútímans – er ekki óraunhæf óskhyggja heldur lifandi veruleiki á eyju í norðlægu Atlandshafi.

Við bjóðum gesti okkar velkomna og vonum að kynni af landi og þjóð
verði bæði til ánægju og fróðleiks.